Athugasemdir og ábendingar um nýja reglugerð um umferðarmerki.

Björn Ólafsson verkfr. Starfaði hjá Vegagerðinni 1971-2016, nú á eftirlaunum.

Starfsferill tengdur þessu verkefni: Fv. forstöðumaður þjónustudeildar Vegagerðarinnar, hafði umsjón með vegmerkingum á vegakerfinu í um 40 ár, vann m.a. með ráðuneytum og hagsmunaaðilum við gerð reglugerða nr. 285/1995 og 492/2009, skrifaði meginhluta af þeim reglum sem Vegagerðin gefur út um merkingar og er grunnur efnis í viðaukum 1 og 4, hefur haft umsjón með og er einn af höfundum reglna um vinnusvæðamerkingar og að teikningum sem þar gilda, kennt á námskeiðum um sama efni 2009-2022. Starfaði í ESB nefnd, COST 331 um vegmerkingar og lýsingu á árunum 1996-2000.

Umsögn:

Tillaga að nýrri reglugerð er mikil framför frá fyrri reglugerð og vel unnin, þó eru nokkur atriði sem vert er að skoða frekar.

Almennt þarf að gera merkingum tengdum vinnusvæðum verulega betri skil m.a. betri umfjöllun á bráðabirgðamerkjum (þau skilgreind sérstaklega í gildandi reglugerð), gátskjöldum og þverslám. Vinnu- og athafnasvæði á vegum eru þau svæði þar sem sérstaklega þarf að huga að merkingum og því mikilvægt að reglugerðin geri þessum hluta merkinga góð skil. Reglugerð um öryggi á vinnusvæðum tekur meira til almennra þátta og ekki er nægjanlegt að vísa í hana.

Númerakerfi merkja þarf að vera ítarlegra m.t.t. skráningar, pantanir og birgða- og utanumhald á merkjum. Í áætlanagerð og útboðsgögnum eru gerðir listar og magntekning á fjölda einstakra merkja , s.s. sundurliðun á mismunandi hraðatakmörkunarmerkjum (362.30, 362.50, o.s.frv.), og á öllum teikningum er þetta einnig nákvæmlega sundurliðað.

Gildandi reglur og teikningar um vinnusvæðamerkingar er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar Vinnusvæðamerkingar | Vegagerðin (vegagerdin.is). Númer merkja í reglum eru skv. gildandi reglugerð og ný númer í viðauka 2 og á teikningum eru notuð merkjanúmer skv. tillögum að nýrri reglugerð.

Aðrar ábendingar og athugasemdir er að finna í eftirfarandi:

Reglugerð um umferðarmerki - Lýsingarhluti

Vegna vinnusvæðamerkinga

Bæta við inn í lýsingarhluta: undir 500 Akreinamerki

Þegar akreinamerki eru notuð tímabundið, t.d. vegna vegavinnu, eru örvarnar svartar á appelsínugulum grunni og til aðgreiningar táknað 500F. **(Merki tengd vinnusvæðamerkingum verði almennt sem sama númeri með F-auðkenningu fyrir aftan)**



500F

Bæta við texta í lýsingarhluta undir: 650 Upplýsingatafla

Varanlegar upplýsingatöflur og upplýsingatöflur fyrir framkvæmdasvæði eru bláar að lit en tímabundnar upplýsingatöflur (bráðabirgðamerki) eru appelsínugular að lit.

650F Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði

Þegar þörf er á tímabundinni upplýsingagjöf vegna framkvæmda, viðburða eða aðrar aðstæður á eða við veg í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

650F.4 Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði.

Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði með stuttum texta eða myndum.



650F.4



650F.5

650F.5 Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði.

Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði þ.e. hver framkvæmir, heiti verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar.



650F.61

650F.6 Hjáleið.

Merki þetta gefur til kynna hentugustu leið framhjá vinnu- eða viðburðarsvæði.

Setja einnig númer á mismunandi gerður hjáleiðamerkinga,



650F.62



650F.62



650F.63

Undir vegvísun bæta við *22.gr. Um vegvísa*

Við tímabundna vísun á leið eða stað s.s. vegna framkvæmda eða viðburða er heimilt að nota vegvísa með svörtum texta á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri. Ef notað er vegnúmer er það á hvítum bakgrunni. Til aðgreiningar eru slíkir vegvísar táknaðir *7xxF*.



Í 28. Og 29. Gr. Merki 902.X, 904, 906.x, 908.x og 912,x Fyrir vinnusvæðamerkingar er liturinn rauður og hvítur.

Merki 380



380

380 Afnám banna.

Merki þetta kemur fyrir á framkvæmdasvæðum og við aðrar tímabundnar merkingar. Merkið gefur til kynna afnám banna sem hafa verið sett s.s. bann við framúrakstri og lækkun hámarkshraða. Merkið afnemur ekki bann við stöðvun eða lagningu ökutækja.

18

15. gr.
Merkingar vegna framkvæmda við veg

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, er heimilt að nota skæran gulgrænan lit í stað guls litar á bannmerkjum. Merki *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða* skal ávallt vera með gulgrænum lit í samræmi við ákvæði *reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg* og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar:




362

Merki 380 hefur verið og á að vera með sama lit og með sama öfluga endurskinið og merki 362, 110 og 111, liturinn er „Fluorsent Yellow Green“ (gulgrænn litur) og er þetta merki er eingöngu notað í tengslum við framkvæmdasvæði og ætti að falla undir 15.gr.

Þessi texti er í núgildandi reglum um vinnusvæðamerkingar:

Kröfur um endurskin merkja A17.11, A17.21, B26.XX og B34.11 með ofursterkt endurskin (diamond grade) er 425 (cd/lx) / m^2 fyrir ný skilti og 300 (cd/lx) /m^2 fyrir eldri skilti, miðað við 0,33° mælihorn og 5° innfallshorn


Merki 810.6 og 7



Í reglugerð er þetta flokkað með undirmerkjum sem aðalmerki á við, þar er textinn í viðauka 1 er:

810 Stefna sem yfirmerki á við. Heimilt er að nota merkið með viðvörunarmerki, sérreglumerki, upplýsingamerki eða þjónustumerki og vísar í þá átt sem yfirmerkið á við. Merki með ör til vinstri 810.4 er óheimilt að nota við hringtorg.

Merkið á líka að geta staðið með merkjum 362.XX, sbr meðf. dæmi ef sú takmörkun hefur mest vægi, sjá meðf. Dæmi:



Viðauki I Notkun umferðarmerkja

Almennt: Í greinunum um notkun merkjanna væri þægilegra fyrir lesandann/notandann, að með textanum fylgdi mynd af viðkomandi merki á sama hátt og í sjálfri reglugerðinni, svo ekki þurfi að fara til baka í reglugerðina ef viðkomandi man ekki útlit merkisins. Einnig spurning um, að í textanum í viðaukanum fylgi einnig með texti reglugerðarinnar sem segi hvað merkið þýði, þægilegra fyrir notandann að hafa þetta á sama stað.

Dæmi:



306.43 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður.

Merki þetta gefur til kynna að akstur torfærutækja á beltum, þ.á m. vélsleða, sé bannaður.

Merki skal nota þar sem umferð torfærutækja á beltum er bönnuð. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um notkun 306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður


Vegna vinnusvæðamerkinga

Bæta við inn í viðauka I:

Notkun umferðarmerkja undir 500 Akreinamerki

500F Akreinamerki vegna framkvæmda eða viðburða á eða við veg.

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal hafa 500 Akreinamerki í appelsínugulum lit með svörtum örvum í stað blás og hvíts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.



Notkun umferðarmerkja undir *650 Upplýsingatafla*

650F.4 Upplýsingatafla á framkvæmdasvæði

Heimilt er að nota upplýsingatöflu þar sem þörf er fyrir upplýsingar sem ekki er unnt að veita með hefðbundnum umferðarmerkjum. Lágmarka skal magn upplýsinga og haga leturstærð í samræmi við umferðarhraða.

650F.5 Upplýsingatafla um framkvæmdasvæði


Heimilt er að setja upp upplýsingatöflur um framkvæmdasvæði, þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklok og tilvísanir í nánari upplýsingar. Einnig er verktaka heimilt að setja upplýsingatöflu með heiti verktaka ásamt merki fyrirtækisins á hlutatöflu. Töflurnar skulu staðsettar a.m.k. 1 m utan vegarbrúnar.

650F.6 Hjáleið

Merkja skal hjáleiðir með merkinu ásamt undirmerkjum til þess að gefa til kynna hentugustu leið framhjá vinnusvæði.
Bráðabirgðatöflur sem sýna hentuga leið framhjá tálmunum geta einnig hentað eftir aðstæðum.



Sýna mætti einhver dæmi um bráðabirgðamerkingar tengdar vinnusvæðu, sjá meðf.




Notkun umferðarmerkja kaflann *Notkun vegvísa og þjónustumerkja* og sem síðasta lið í undirkafla um *Markmið vegvísunar og forgangsröðun*


Í gr. 212 í viðauka I um notkun umferðarmerkja er þetta tíundað, en rétt að hafa þetta einnig inni í reglugerðinni með F- auðkenni.

Villa í númerum í reglugerð, 904F á að vera 906F. Mikilvægt er einnig að gera greinarmun á í hvora átt er vísað eða hvorum megin skjöldurinn er, þetta skiptir máli á teikningum og er hér gerð tillaga um það, en þessa aðgreiningu höfum við skráð inn á teikningar (teikningasettið er inni á heimasíðu Vg)

Í gr. 202 og 205 í viðauka I er talað um þverslá og hindrunarslá og í gr. 203 um stefnuör og 204 um gátskjöld, í vinnusvæðamerkingum er talað um stefnuvirkan gátskjöld, þ.e. 904F1 og F2. Rétt að gera nánari greiningu m.t.t. hvort um stefnivirkni er að ræða eða ekki, sjá meðf. Mynd.



Einnig þarf að fjalla um tvívirka gátskildi, þ.e. skildir sem virka í báðar akstursstefnur, sjá meðf. Mynd:



Gr, 218 í viðauka I síðasta setning. Heimilt er ..... Í reglum um vinnusvæðamerkingar er kveðið á um að nota **skuli** stærri gerð merkja (1XX, 2XX, 3XX og 4XX merki) með vísun í gildandi reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995

Bæta við í notkun umferðarmerkja 76.grein undir *362 Sérstök takmörkun hámarkshraða*. Tveir síðustu stafir í númeri (eftir punkt) tákna tilgreindan hámarkshraða. *362.50* táknar merki fyrir hámarkshraða 50 km/klst. (Mikilvægt m.t.t. skráningar, pantanir og birgða- og utanumhald á merkjum, sjá einnig teikningasett)

Bæta við í notkun umferðarmerkja 77.grein undir *364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin*. Tveir síðustu stafir í númeri (eftir punkt) tákna tilgreindan hámarkshraða. *364.50* táknar merki fyrir þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða, 50km/klst, er afnumin. (Mikilvægt m.t.t. skráningar, pantanir og birgða- og utanumhald á merkjum, sjá einnig teikningasett)

Þjónustumerki:

Merkjum í þessum flokki er fækkað verulega í nýrri reglugerð. Rétt er er benda á, að forsaga að þessum mikla fjölda þjónustamerkja er sú, að með vaxandi ferðamannafjölda jókst fjölbreytni í ferðaþjónustu, ferðaiðnaðurinn bauð ekki aðeins upp á tjaldstæði hann fór einnig að bjóða upp á ýmsa afþreyingu, útleigu á bátum , hjólum, sæþotum o.s.frv, sjóstangaveiði, hvalaskoðun og svo mætti áfram telja. Engin stöðluð skilti voru til, máluð voru allskonar misvönduð skilti sem sett voru út um allt og það í leyfisleysi. Mikill tími vegagerðarmanna fór í að fjaræga þessi skilti og óánægja mikil, bæði hjá ferðaþjónustuaðilum og starfsmönnum Vegagerðarinnar. Til að koma böndum á og leysa þetta var haft víðtækt samráð og gert ákveðið samkomulag við hagsmunaaðila og varð niðurstaðan sú að fjölga þessum skiltum verulega og í samræmi við óskir þessara aðila.

Flest þessara skilta eru nú notuð og er að finna út um allt land og er hætt við, að ef þessi breyting verður gerð, séum við að fara aftur á byrjunarreit og kalla yfir okkur mikla óánægju vegna mismununar eftir því hvaða þjónustu hver ferðaþjónustuaðili er að veita.

Veit að umræða hefur verið um að vegfarendur geti ekki skynjað skilaboðin ef of mörg slík merki séu sett saman og er slík umræða ekki óeðlileg.

Í COST 344 verkefninu létum við m.a. gera víðtækar rannsóknir á viðbrögðum og læsi ökumanna á alls kyns merkingum, bæði umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum. Niðurstaðan var sú í stuttu máli, að þar sem var verið að gefa ökumonnum fyrirmæli eða vara þá við (almenn umferðarmerki) þá varð að takmarka fjölda á hverjum stað, hafa ákveðið bil á milli merkja o.s.frv.

Varðandi þjónustumerkin þá er vegfarandinn að leita eftir tiltekinni þjónustu, t.d. logói fyrir bátasiglingar, sem hann hefur séð í einhverjum auglýsingum (öll þessi merki má einnig víða finna í kynningarbæklingum), og augað nemur fljótt það auðkenni innan um mikinn fjölda annara merkja og önnur tákn trufla ekki, þetta þekkið þið eflaust af eigin reynslu.

Viðauki IV Notkun merkinga á yfirborði vega:

Miðlínur:

Spurning um að hafa alla þessa möguleika inni um samsettar miðlínur. Í praxis hér á landi getur þetta víða verið nokkuð flókið og ruglingslegt fyrir ökumenn þar sem skipta þarf mjög ört um línusamsetningar vegna örra breytinga í vegumhverfi/vegsýn. Mæti- og framúraksturssjónlengdir ráða línugerð þannig að lengd á hverri línugerð væri mjög stutt og ökumaður á leyfðum hámarkshraða nemur ekki breytingarna. Fram til þessa hafa línugerðir 1000, 1002, 1004,1006.3 og 4 eingöngu verið notaðar.

Skýringar vantar á 1006.4 og 1006.5.

Erfitt að átta sig á hvenær línugerð1006.5 skuli notuð, 1006.4 er notuð milli gagnstæðra akreina á fjölakeina vegum, tel að línugerð 1006.5 bjóði upp á framúrakstur yfir á gagnstæða akrein á fjölakreina vegum, sem ætti alls ekki að leyfa. Á tveggja akreina vegum er notuð línugerð1002 við sömu sjónlengdaraðstæður.

Litur á yfirborðsmerkingum:

Í 13 gr. er aðeins talað um lit á kantlínum, ekki öðrum tegundum, litur er almennt hvítur, en á vinnusvæðum er reglan, að þegar þess gerist þörf, skuli merkja yfirborð vega eða bráðabirgðaleiða með gulri málningu, gulum álímdum endurskinsborðum, glitmerkjum eða öðru því sem hæfir hverju sinni. Þetta gildir jafnt um miðlínur og vissar stakar merkingar s.s.stefnu- og akreinaörvar.